

Farice ehf.
Ársreikningur 2019

Farice ehf.
Smáratorgi 3
201 Kópavogur

kt. 511203-2950

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra	3
Ártun ríkisendurskoðanda	5
Ártun óháðs endurskoðanda	6
Yfirlit um heildarafkomu	8
Efnahagsreikningur	9
Eiginfjárfirlit	10
Sjóðstreymisyfirlit	11
Skýringar	12
 Viðauki:	
Ófjárhagsleg upplýsingagjöf	30

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Farice ehf. var stofnað árið 2003 í þeim tilgangi að veita þjónustu á sviði fjarskipta- og gagnaflytinga. Fyrirtækið gegnir mikilvægu hlutverki í rekstri og uppbyggingu innviða fyrir Íslenskt samfélag. Fyrirtækið rekur tvo sæstrengi milli Íslands og Evrópu, FARICE-1 og DANICE, sem tengja Ísland við önnur alþjóðleg gagnaflytningakerfi t.a.m í London, Amsterdam og Kaupmannahöfn.

Rekstur ársins 2019

Samkvæmt rekstrarreikningi nema rekstrartekjur um 10,7 milljón evra og er EBITDA 4,3 milljónir evra. Tekjur og EBITDA lækka samanborið við fyrra ár vegna breytinga á þjónustusamningi við Ríkíð sem nánar er greint frá í skýringu 5. Samkvæmt efnahagsreikningi eru eignir félagsins um 65 milljón evra og hlutafé félagsins 27,9 milljónir evra, með 31% eiginfjárlutfall. Á árinu var hlutafé lækkað um 31,7 millj. evrur til jöfnunar á yfirfæranlegu tapi og eigin hlutum. Stjórnendur félagsins könnuðu þann 31. desember 2019 hvort vísbendingar væru um virðisrýmun rekstrarfjármuna félagsins og niðurstaðan var sú að svo væri ekki. Ársreikningur félagsins er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS). Lögum samkvæmt eru arðgreiðslur óheimilar vegna ójafnaðs taps og er tap ársins að fjárhæð 7,7 millj. evra fært til hækkunar á ójöfnuðu tapi fyrir ára.

Í apríl 2019 endurfjármagnaði félagið langtímalán sín eins og nánar er greint frá í skýringu 15. Skuldabréfafiokkur félagsins í ISK var greiddur upp en í þess stað var tekið langtímalán í EUR sem föstum vöxtum. Af þessu hlaut mikill fjármagnskostnaður á árinu 2019 en mikill sparnaður þegar til lengri tíma er litið, auk þess sem vísitölubreytingum og gengisáhrættu er eytt.

Hlutafé

Í árslok átti Ríkissjóður Íslands allt hlutafé félagsins.

Stjórnarhættir og ófjárhagsleg upplýsingagjöf

Stjórn félagsins leggur áherslu á að viðhalda góðum stjórnarhættum og fylgja ákvæðum laga, samþykktu og Handbók stjórnarmanna, sem útgefin er af KPMG í þeim tilgangi að tryggja gagnsæi og innra eftirlit og jafnframt vitund um áhættuþætti. Stjórn félagsins er skipuð þremur stjórnarmönnum og einum varamanni. Stjórn ræður framkvæmdastjóra félagsins. Takmarkanir eru á innra eftirliti vegna þess hve fá stöðugildi eru hjá félaginu. Aðaláhersla við áhættumat félagsins tengist aðgerðaráætlunum við mögulega truflun á fjarskiptasambandi vegna sæstrengja.

Stjórnin vísar til viðauka við ársreikning þennan varðandi aðra ófjárhagslega upplýsingagjöf um samfélagsleg mál, umhverfismál, starfsmannamál, mannréttindamál og svo spillingar- og mútumál. Upplýsingar um fjárhagslega áhættustýringu er að finna í skýringu 17.

Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar er ársreikningur félagsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu og gefur glögga mynd af eignum og skuldum félagsins og fjárhagsstöðu þess 31. desember 2019, rekstrarafkomu og sjóðstreymi fyrir rekstrarárið sem lauk 31. desember 2019 auk þess að lýsa áhættu og óvissuþáttum sem félagið stendur frammi fyrir. Skýrsla stjórnar veitir yfirsýn yfir þróun og árangur í rekstri félagsins og stöðu þess.

Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra, frh.:

Stjórn og framkvæmdastjóri Farice ehf. staðfesta hér með ársreikning Farice ehf. 2019 með undirritun sinni.

Kópavogur, 17. febrúar 2020


Stjórn Farice ehf.



Martha Eiríksdóttir, stjórnarformaður



Jón Gunnar Vilhelmsson



Kristín Guðmundsdóttir

Framkvæmdastjóri



Ómar Benediktsson

Áritun ríkisendurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Farice ehf.

Forsendur, hlutverk og ábyrgð ríkisendurskoðanda

Ríkisendurskoðandi starfar á grundvelli laga nr. 46/2016, um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga, og siðareglur alþjóðasamtaka ríkisendurskoðana.

Hlutverk ríkisendurskoðanda er að tryggja að fram fari endurskoðun og eftirlit í samræmi við 4. gr. laganna. Ríkisendurskoðandi ber húsbóndaábyrgð á störfum þeirra endurskoðenda sem starfa hjá Ríkisendurskoðun og framkvæma endurskoðun á grundvelli laga um endurskoðendur og endurskoðun, lögum um ársreikninga og þeim almennu reglum sem þeir hlíta samkvæmt alþjóðlegum endurskoðunarstöðum.

Kannað var hvort rekstur félagsins var í samræmi við þau lög sem um félagið gilda og eftir atvikum fjárlög og fjáraukalög sbr. meginreglur laga nr. 46/2016 og lög um opinber fjármál nr. 123/2015.

Endurskoðunin byggði á verk- og tímaáætlun sem stjórn félagsins var kynnt og er framkvæmd í samræmi við lög nr. 46/2016 um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga og lög nr. 94/2019 um endurskoðendur og endurskoðun.

Ríkisendurskoðun, 17. febrúar 2020



Skúli Eggert Þórðarson
ríkisendurskoðandi



Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Farice ehf.

Áritun um endurskoðun ársreiknings

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Farice ehf. fyrir árið 2019. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn sýni glögga mynd af fjárhagsstöðu Farice ehf. 31. desember 2019, afkomu félagsins og breytingu á handbæru fé á árinu 2019 í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu og lög um ársreikninga.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu viðtund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér á eftir. Við erum óháð Farice ehf. og höfum starfað í samræmi við lög nr. 94/2019 um endurskoðendur og endurskoðun og siðareglur endurskoðenda. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á ársreikningnum.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri (stjórnendur) eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu og lög um ársreikninga. Stjórnendur eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er að sé til staðar við gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreiknings eru stjórnendur ábyrgir fyrir því að meta rekstrarhæfi Farice ehf. og setja inn skýringu ef þess er þörf. Ef við á skulu stjórnendur setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendu um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreiknings, nema stjórnendur hafa ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit á ársreikningnum. Nægjanleg vissu er mikið öryggi, en ekki trygging þess að endurskoðun sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og hún byggir á faglegri dómgreind og gagnrýnni hugsun. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að undirbyggja álit á reikningnum. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, villandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhá reglum innra eftirlits.
- Öflum skilnings á innra eftirliti í þeim tilgangi að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir og meta hvort það tryggir viðunandi árangur.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda ásamt tengdum skýringum séu viðeigandi í samræmi við reikningsskilareglur.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu og innihald, þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn félagsins [og endurskoðunarnefnd] um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar. Jafnframt var upplýst um mikilvæg atriði sem fram komu við endurskoðunina, þar á meðal eftir atvikum verulega anmarka á innra eftirliti.

Ríkisendurskoðun, 17. febrúar 2020



Birgir Finnbogason
endurskoðandi

Yfirlit um heildarafkomu ársins 2019

	Skýr.	2019	2018
Sala á bandvídd	4	10.586.119	11.047.605
Tekjur af opinberum þjónustusamningi	5	117.245	3.582.866
		<u>10.703.363</u>	<u>14.630.471</u>
Rekstur fjarskiptakerfa	6	5.443.189	5.721.596
Annar rekstrarkostnaður	7	940.713	913.914
		<u>6.383.902</u>	<u>6.635.510</u>
Hagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliðir		4.319.461	7.994.961
Afskriftir	11	(7.191.830)	(7.061.484)
Rekstrarhagnaður		(2.872.369)	933.477
Vaxtatekjur		42.891	25.222
Vextir og verðbætur	10	(4.836.007)	(3.816.590)
Gengismunur		(100.579)	2.524.145
Hrein fjármagnsgjöld		<u>(4.893.695)</u>	<u>(1.267.223)</u>
Heildartap ársins		<u>(7.766.064)</u>	<u>(333.746)</u>

Skýringar á bls. 12 til 30 eru óaðskiljanlegur hluti af ársreikningnum.

Efnahagsreikningur 31. desember 2019

	Skýr.	31.12.2019	31.12.2018
Eignir			
Rekstrarfjármunir	11	61.092.579	66.252.817
Fyrirframgreiddur kostnaður	12	1.594.890	1.368.559
Fastafjármunir		<u>62.687.469</u>	<u>67.621.376</u>
Viðskiptakröfur		265.021	187.853
Aðrar kröfur		359.410	317.140
Handbært fé		1.729.483	2.797.733
Veltufjármunir		<u>2.353.914</u>	<u>3.302.726</u>
Eignir samtals		<u>65.041.383</u>	<u>70.924.102</u>
Eigið fé			
Hlutafé	14	27.875.905	59.615.031
Ójafnað tap		(7.766.064)	(31.739.126)
Eigið fé samtals		<u>20.109.841</u>	<u>27.875.905</u>
Skuldir			
Vaxtaberandi langtímaskuldir	15	39.600.000	38.669.395
Leiguskuldbinding	16	959.639	0
		<u>40.559.639</u>	<u>0</u>
Vaxtaberandi skammtímaskuldir	15	2.933.333	1.695.237
Næsta árs afborganir leiguskuldbindinga	16	226.997	0
Viðskiptaskuldir		776.495	437.699
Aðrar skuldir og fyrirframinnheimtar tekjur		435.078	2.245.866
Skammtímaskuldir		<u>4.371.903</u>	<u>4.378.802</u>
Skuldir samtals		<u>44.931.542</u>	<u>43.048.197</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>65.041.383</u>	<u>70.924.102</u>

Skýringar á bls. 12 til 30 eru óaðskiljanlegur hluti af ársreikningnum.

Eiginfjáryfirlit árið 2019

	Skýr.	Hlutfé	Ójafnað tap	Eigið fé samtals
2019				
Eigið fé 1. janúar 2019		59.615.031	(31.739.126)	27.875.905
Lækkun hlutfjár		(31.739.126)	31.739.126	0
Heildartap ársins			(7.766.064)	(7.766.064)
Eigið fé 31. desember 2019	14	<u>27.875.905</u>	<u>(7.766.064)</u>	<u>20.109.841</u>
2018				
Eigið fé 1. janúar 2018		59.615.031	(31.405.382)	28.209.649
Heildartap ársins			(333.744)	(333.744)
Eigið fé 31. desember 2018	14	<u>59.615.031</u>	<u>(31.739.126)</u>	<u>27.875.905</u>

Skýringar á bls. 12 til 30 eru óaðskiljanlegur hluti af ársreikningnum.

Sjóðstreymisyfirlit ársins 2019

	Skýr.	2019	2018
Rekstrarhreyfingar			
Tap ársins		(7.766.064)	(333.746)
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	11	7.191.830	7.061.484
Hreinn fjármagnskostnaður		4.893.695	1.267.223
		<u>4.319.461</u>	<u>7.994.961</u>
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum		(1.598.754)	(631.382)
Sjóðstreymi frá rekstri fyrir fjármagnsliði		<u>2.720.707</u>	<u>7.363.579</u>
Innheimtar vaxtatekjur		42.905	25.222
Greidd vaxtagjöld		(4.246.114)	(2.506.360)
Handbært fé frá rekstri		<u>(1.482.502)</u>	<u>4.882.441</u>
Fjárfestingarhreyfingar			
Fjárfesting í rekstrarfjármunum	11	(618.213)	(214.590)
Fjárfestingarhreyfingar		<u>(618.213)</u>	<u>(214.590)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Ný lántaka	15	44.000.000	0
Afborganir langtímalána		(42.922.570)	(1.893.643)
Fjármögnunarhreyfingar		<u>1.077.430</u>	<u>(1.893.643)</u>
(Lækkun)/hækkun á handbæru fé.....		(1.023.285)	2.774.208
Handbært fé 1. janúar		2.797.733	143.289
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé		(44.966)	(119.764)
Handbært fé 31. desember		<u>1.729.482</u>	<u>2.797.733</u>

Skýringar á bls. 12 til 30 eru óaðskiljanlegur hluti af ársreikningnum.

Skýringar

1. Félagið

Farice ehf. er íslenskt einkahlutafélag með starfsstöð að Smáratorgi 3, Kópavogi. Hlutverk félagsins er að tryggja örugg fjarskipti milli Íslands og nærliggjandi landa í gegnum sæstreng.

Félagið er með starfsemi á Íslandi, Færeyjum, Danmörku og Bretlandi. Tekjur og gjöld myndast á Íslandi og í nærliggjandi löndum.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

A. Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastaðlum sé fylgt

Ársreikningur félagsins er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu. Ársreikningur félagsins er jafnframt í samræmi við lög um ársreikninga nr. 3/2006.

Stjórn félagsins staðfesti ársreikninginn 17. febrúar 2020.

B. Rekstrarhæfi

Stjórn félagsins hefur metið rekstrarhæfi félagsins. Það er mat stjórnar að félagið geti staðið við skuldbindingar sínar í náinni framtíð. Því er framsetning og gerð ársreikningsins byggð á þeirri forsendu að félagið búi yfir áframhaldandi rekstrarhæfi.

C. Grundvöllur matsaðferða

Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðisreikningsskilum.

D. Starfrækslugjaldmiðill og framsetningargjaldmiðill

Ársreikningurinn er settur fram í evrum (EUR), sem er jafnframt starfrækslugjaldmiðill félagsins.

E. Mat og ákvarðanir

Gerð ársreiknings í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafi áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að verða frábrugðnar þessu mati.

Mat og undirliggjandi forsendur er yfirfarið reglulega. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem breytingin á sér stað og þeim framtíðartímabilum sem breytingarnar hafa áhrif á.

Upplýsingar um mikilvægar ákvarðanir þar sem reikningsskilaaðferðir hafa mest áhrif á skráðar fjárhæðir eigna og skulda í ársreikningnum er að finna í eftirfarandi skýringu:

- Skýring 11 - Rekstrarfjármunir

Upplýsingar um mat og forsendur sem hætt er við að hafi efnislega áhrif á breytingar á komandi rekstrarári er að finna í eftirfarandi skýringu:

- Skýring 11 - lykilorð forsendur notaðar við núvirðingu á framtíðarsjóðstreymi

3. Nýir reikningsskilastaðlar

Félagið hefur beitt IFRS 16 frá 1. janúar 2019.

Félagið hefur innleitt reikningsskilastaðal IFRS 16 fyrir reikningsár sem hófst 1. janúar 2019. Aðrir alþjóðlegir reikningsskilastaðlar sem tóku gildi 1. janúar 2019 hafa óveruleg áhrif á reikningsskil samstæðunnar.

IFRS 16 innleiðir eitt reikningshaldslegt líkan um færslu leigusamninga í efnahagsreikning leigutaka. Félagið hefur tekið upp IFRS 16 með því að beita aðferð uppsafnaðra áhrifa, þar sem uppsöfnuð áhrif upphaflegrar beitingar eru færð á óráðstafað eigið fé 1. janúar 2019. Vegna þessa hefur samanburðarfjárhæðum vegna ársins 2018 ekki verið breytt, það er þær eru settar fram eins og þær voru birtar áður samkvæmt IAS 17 og tengdum tulkunum. Breytingunum á reikningsskilaaðferðum er lýst nánar hér á eftir.

Skilgreining á leigusamningi

Samkvæmt fyrri reikningsskilaaðferðum skilgreindi félagið við gildistöku samnings hvort hann væri eða innihéldi leigusamning samkvæmt IFRIC 4 *Ákvörðun um hvort samningur inniheldur leigusamning*. Félagið leggur nú mat á það hvort samningur sé eða innihaldi leigusamning byggt á nýrri skilgreiningu á leigusamningi. Samkvæmt IFRS 16 er samningur leigusamningur eða inniheldur leigusamning ef hann veitir rétt til yfirráða yfir skilgreindri eign á tímabili í skiptum fyrir endurgjald.

Við upptöku IFRS 16 valdi samstæðan að nýta sér þann valkost að halda sig við fyrri mat á því hvaða viðskipti eru leigusamningar. Félagið beitti því IFRS 16 aðeins á þá samninga sem áður höfðu verið skilgreindir sem leigusamningar. Samningar sem höfðu ekki verið skilgreindir sem leigusamningar samkvæmt IAS 17 og IFRIC 4 voru ekki endurmetnir með tilliti til nýrrar skilgreiningar á leigusamningi. Af því leiðir að skilgreining á leigusamningi samkvæmt IFRS 16 hefur aðeins verið beitt á samninga sem voru gerðir eða var breytt frá og með 1. janúar 2019.

Leigusamningar þar sem félagið er leigutaki

Félagið færir eignir og skuldir vegna leigusamninga um landtökusvöðvar. Afnotaréttur á eignunum er færður á meðal rekstrarfjármuna og leiguskuldbinding er færð upp í efnahagsreikningi.

Samstæðan færir leigueign og leiguskuld á upphafsdegi leigusamnings. Leigueignin er upphaflega metin á kostnaðarverði og eftir það á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun.

Leiguskuldin er upphaflega metin miðað við núvirði leigugreiðslna sem eru ógreiddar á upphafsdegi leigusamningsins, þar sem leigugreiðslur eru núvirtar með innbyggðum vöxtum í leigusamningnum, eða ef það er ekki hægt að ákvarða þá vexti, með vöxtum félagsins á nýju lánsfé. Að jafnaði notar félagið sína vexti á nýju lánsfé við núvirðingu leigugreiðslna.

Skýringar, frh.:

3. Nýir reikningsskilastaðlar, frh.

Áhrif innleiðingar

Áhrif innleiðingar staðalsins á rekstrarreikning 2019 greinast þannig:

Rekstrarreikningur	Án IFRS 16 2019	Áhrif nýs staðals	2019
Sala	10.703.363		10.703.363
Rekstrarkostnaður	(6.658.842)	274.940	(6.383.902)
Hagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði	4.044.521		4.319.461
Afskriftir	(6.965.087)	(226.743)	(7.191.830)
Hrein fjármagnsgjöld	(4.845.498)	(48.197)	(4.893.695)
Heildartap ársins	(7.766.064)		(7.766.064)

Afnotaréttur af leigueign er færður á meðal rekstrarfjármuna en um er að ræða leigusamninga um landtökustöðvar í Færeyjum, Danmörku og Skotlandi. Áhrif innleiðingar staðalsins á efnahagsreikning samstæðunnar greinist þannig:

Efnahagsreikningur	1.1.2019	Áhrif nýs staðals	1.1.2019
Fastafjármunir	67.621.376	1.413.379	69.034.755
Veltufjármunir	3.302.726		3.302.726
Eignir samtals	70.924.102		72.337.481
Eigið fé	27.875.905		27.875.905
Vaxtaberandi langtímaskuldir	38.669.395		38.669.395
Leiguskuldbinding		1.413.379	1.413.379
Skammtímaskuldir	4.378.802		4.378.802
Skuldir samtals	43.048.197		44.461.576
Skuldir og eigið fé samtals	70.924.102		72.337.481

4. Sala bandvíddar

Tekjur félagsins samanstanda af sölu á fjarskiptasamböndum milli Íslands, Færeyja, Bretlands og meginlands Evrópu í gegnum sæstreng. Samningar við viðskiptavinum eru venjulega gerðir að lágmarki til tveggja ára í senn. Reikningar eru gerðir mánaðarlega og greiðslutímabil er á bilinu 15-28 dagar.

Um 70% af tekjum félagsins vegna sölu á bandvídd koma frá fjórum viðskiptavinum (2018: 70%). Um 56% af tekjum félagsins eru vegna viðskipta innanlands (2018: 64%).

Skýringar, frh.:

5. Opinber þjónustusamningur

Farice og Fjarskiptasjóður hafa gert með sér samning um styrk til botnrannsóknna með það fyrir augum að hefja undirbúning að nýjum sæstreng milli Íslands og Evrópu. Heildarkostnaður við rannsóknina er metinn á um 1,9 milljón evra. Verkið hófst á árinu 2019. Þjónustusamningur sem hafði verið í gildi frá árinu 2012 lauk árið 2018.

	2019	2018
6. Rekstur fjarskiptakerfa		
Framhaldstengingar (backhaul)	2.515.906	2.719.835
Gjaldfærður viðhaldskostnaður	1.439.895	1.409.588
Annar rekstrarkostnaður	1.487.388	1.592.173
Rekstrarkostnaður samtals	5.443.189	5.721.596
7. Stjórnunarkostnaður		
Laun og launatengd gjöld	609.366	653.108
Leiga skrifstofu	86.835	96.241
Endurskoðun og reikningshald	48.585	46.008
Annar stjórnunarkostnaður	195.927	118.557
Stjórnunarkostnaður samtals	940.713	913.914
8. Þóknun endurskoðanda		
Endurskoðun ársreiknings	32.250	27.533
Vinna vegna árshlutareikninga	2.304	7.300
Önnur þjónusta	14.031	9.136
Þóknun endurskoðanda samtals	48.585	43.969
9. Laun og launatengd gjöld:		
Laun	739.655	783.697
Lífeyrissjóðsiðgjöld	105.683	106.850
Önnur launatengd gjöld	116.522	114.081
Laun og launatengd gjöld samtals	961.860	1.004.627
Stjórnunarkostnaður	609.366	653.107
Rekstur fjarskiptakerfa	352.494	351.520
Laun og launatengd gjöld samtals	961.860	1.004.627
Ársverk	7	7
Laun og launatengd gjöld stjórnarmanna	69.921	81.734
Laun og launatengd gjöld framkvæmdastjóra	162.538	182.885

Skýringar, frh..:

10. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtagjöld og verðbætur greinast þannig:

Vaxtagjöld	2.462.605	2.470.637
Lántökukostnaður	2.115.874	0
Verðbætur	257.528	1.345.953
Fjármagnsgjöld samtals	4.836.007	3.816.590

11. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig:

	Fjarskiptatæki og búnaður	Farice	Danice	Leigueignir	Samtals
Heildarverð					
Heildarverð 1.1.2018	22.878.542	46.950.412	82.837.569		152.666.523
Heildarverð 31.12.2018	22.878.542	46.950.412	82.837.569	0	152.666.523
Viðbót á árinu	0	0	618.213	1.413.379	2.031.592
Heildarverð 31.12.2019	22.878.542	46.950.412	83.455.782	1.413.379	154.698.115
Afskriftir og virðisrýrnun					
Afskrifað 1.1.2018	16.713.370	32.097.834	30.541.018		79.352.222
Afskriftir ársins	489.712	2.699.471	3.872.301	0	7.061.484
Afskrifað 31.12.2018	17.203.082	34.797.305	34.413.319	0	86.413.706
Afskriftir ársins	455.199	2.595.172	3.914.716	226.743	7.191.830
Afskrifað 31.12.2019	17.658.281	37.392.477	38.328.035	226.743	93.605.536
Bókfært verð					
Bókfært verð 1.1.2018	6.165.172	14.852.578	52.296.551	0	73.314.301
Bókfært verð 31.12.2018	5.675.460	12.153.107	48.424.250	0	66.252.817
Bókfært verð 31.12.2019	5.220.261	9.557.935	45.127.747	1.186.636	61.092.579

Vátryggingarverð eigna nam 15,0 milljón evra.

Í árslok voru var framkvæmt virðisrýrnunarpróf á rekstrarfjármunum félagsins. Prófið var byggt á mati stjórnar á rekstrarvirði félagsins með tilliti til áætlana um afkomu, framlegð og vegið meðaltal fjármagnskostnaðar. Virðisrýrnunarprófið er byggt á fimm ára áætlun en tekjur og framlegð ákveðin vegna tímabils þar á eftir. Niðurstöður virðisrýrnunarprófsins leiddu ekki til virðisrýrnunar. Ef framtíðarrekstur er ekki innan áætlunar er þó möguleiki að virðisrýrnun verði færð. Virði rekstrarfjármuna var töluvert hærra en bókfært verð þeirra og því ekki þörf á afskriftum.

12. Fyrirframgreiddur kostnaður

Fyrirframgreiddur kostnaður samanstendur af gjaldi fyrir ríkisábyrgð á láni frá Endurlánum ríkissjóðs sem tekið var á árinu og nánar er greint frá í skýringu 15.

13. Tekjuskattseign

Tekjuskattseign er ekki færð í efnahagsreikning vegna óvissu um nýtingu á yfirfæranlegu skattalegu tapi. Yfirfæranlegt tap má nýta í tíu ár frá myndun þess.

Tekjuskattseign greinist þannig:	31.12.2019	31.12.2018
Rekstrarfjármunir	737.865	(2.933.221)
Leigueignir	237.327	0
Frestaður gengismunur	(1.499.213)	(1.199.471)
Yfirfæranlegt skattalegt tap	19.258.864	23.818.878
Virðisrýrnun tekjuskattseigna	(18.734.843)	(19.686.186)

Skýringar, frh.:

13. Tekjuskattseign, frh.:

Í árslok 2019 var yfirfæranlegt skattalegt tap félagsins nýtanlegt á móti skattskyldum hagnaði næstu ára sem hér segir:

Nýtanlegt til 2020	24.132.448
Nýtanlegt til 2021	13.210.465
Nýtanlegt til 2022	13.662.769
Nýtanlegt til 2023	6.608.028
Nýtanlegt til 2024	904.597
Nýtanlegt til 2025	2.247.613
Nýtanlegt til 2026	5.136.558
Nýtanlegt til 2027	2.723.139
Nýtanlegt til 2028	3.459.690
Nýtanlegt til 2029	6.308.708
Yfirfæranlegt skattalegt tap alls	<u>78.394.015</u>

14. Eigið fé

Hlutafé

Heildarhlutafé félagsins er EUR 27,9 milljónir evra að nafnverði. Á árinu var hlutafé lækkað um EUR 31,7 millj. til jöfnunar á yfirfæranlegu tapi og eigin hlutum.

15. Vaxtaberandi skuldir

Í þessari skýringu eru upplýsingar um samningsbundin ákvæði vaxtaberandi skulda félagsins, sem færðar eru á afskrifuðu kostnaðarverði. Upplýsingar um vaxtaáhættu, gengisáhættu og lausafjánhættu er að finna í skýringu 16.

Í apríl 2019 var félagið endurfjármagnað og var skuldabréfaflokkur félagsins (EFAR 09 1) að fullu greiddur upp með nýju veðláni frá Endurlánum ríkissjóðs (ER).

Gjaldmi ðill	Loka-gjaldnagi	2019		2018		
		Meðalvextir	Eftirstöðvar	Meðalvextir	Eftirstöðvar	
Skuldabréfaútgáfa.....	ISK	2034	Verðtryggt 5,5%	0	5,5% + Indexed	40.364.632
Veðlán frá ER.....	EUR	2034	Fastir 2,5%	<u>42.533.333</u>		<u>0</u>
				42.533.333		40.364.632
Næsta árs afborganir.....				<u>(2.933.333)</u>		<u>(1.695.237)</u>
Vaxtaberandi langtímaskuldir alls.....				<u>39.600.000</u>		<u>38.669.395</u>
Afborganir af langtímalánum greinast þannig næstu ár:						
					31.12.2019	31.12.2018
Ár 2020/2019.....					2.933.333	1.695.237
Ár 2021/2020.....					2.933.333	1.791.560
Ár 2022/2021.....					2.933.333	1.893.254
Ár 2023/2022.....					2.933.333	2.000.618
Ár 2024/2023.....					2.933.333	2.113.968
Ár 2025/2024.....					2.933.333	2.233.638
Síðar.....					24.933.335	28.636.357
					<u>42.533.333</u>	<u>40.364.632</u>

Sæstrengir félagsins ásamt öllum öðrum eignum og búnaði eru veðsett fyrir skuld félagsins við ER.

Skýringar, frh.:

15. Vaxtaberandi skuldir, frh.:

Breyting vaxtaberandi skulda á árinu greinist þannig:

	2019	2018
Vaxtaberandi skuldir 1. janúar	40.364.632	43.535.405
Afborganir langtímaskulda.....	(42.651.569)	(1.893.643)
Ný lán.....	44.000.000	0
Gengismunur og verðbætur.....	820.270	(1.277.130)
Vaxtaberandi skuldir 31. desember	42.533.333	40.364.632

16. Leigusamningar

Félagið leigir landtökustöðvar í Færeyjum, Danmörku og Bretlandi. Þessir leigusamningar eru að jafnaði til 20-25 ára með möguleika á endurnýjun í lok leigutímans.

Leigugeignir greinast þannig:

	Leigugeignir
Leigugeignir 1.1	1.413.379
Afskriftir ársins	(226.743)
Leigugeignir 31.12	1.186.636

Áhrif leigusamninga í rekstrarreikningi greinast þannig:

	2019
2019 - Leigusamningar samkvæmt IFRS 16	
Vaxtagjöld á leiguskuldir	48.197
Afskrift leigugeigna	226.743
2018 - Rekstrarleigusamningar samkvæmt IAS 17	
Leigukostnaður	262.349

Leiguskuldbinding

Leiguskuldbinding greinist þannig:

Afborganir 2020	266.997
Afborganir 2021	266.997
Afborganir 2022	266.997
Afborganir 2023	266.997
Afborganir 2024 og síðar	118.648
	1.186.636

Skýringar, frh.:

17. Áhættustýring

Yfirlit

Eftirfarandi áhættur fylgja fjármálagerningum samstæðunnar:

- * Lánsáhætta
- * Lausafjáraáhætta
- * Markaðsáhætta

Hér eru veittar upplýsingar um framangreindar áhættur, markmið, stefnu og aðferðir félagsins við að meta og stýra áhættu og fjármagnsstjórnun.

Markmið áhættustýringar

Félagið fylgist með og stýrir áhættu sem tengist rekstri félagsins. Áhættan felur aðallega í sér lánsáhættu og lausafjáraáhættu sem stjórn félagsins fylgist náið með. Félagið stundar ekki spákaupmennsku eða viðskipti með fjármálagerninga, þar með talið afleiður.

Lánsáhætta

Lánsáhættan er hættan á fjárhagslegu tapi samstæðunnar ef viðskiptamaður eða mótaðili í fjármálagerningi getur ekki staðið við umsamdar skuldbindingar sínar. Yfir 85% af tekjum félagsins eru vegna langtíma viðskiptavina og hefur félagið aldrei þurft að afskrifa umfangsmiklar viðskiptakröfur. Félagið hefur ekki myndað niðurfærslu vegna áætlaðrar virðisrýmunar viðskiptakrafna.

Hámarksútlánaáhætta greinist þannig:

	2019	2018
Viðskiptakröfur.....	265.021	187.853
Aðrar skammtíma kröfur.....	359.410	317.140
Handbært fé.....	1.729.483	2.797.733
	<u>2.353.914</u>	<u>3.302.726</u>

Lausafjáraáhætta

Lausafjáraáhætta er áhættan á því að félagið lendi í erfiðleikum við að mæta fjárhagslegum skuldbindingum sínum í náinni framtíð. Félagið mætir þessari áhættu með því að gera áætlanir um greiðslur og tryggja nægjanlega varasjóði.

Skýringar, frh.:

17. Áhættustýring, frh.:

Lausafjánhætta, frh.:

Samningsbundnar afborganir af fjárskuldum, að meðtöldum áætluðum vaxtagreiðslum, greinast þannig:

Árslok 2019	Bókfært verð	Umsamið sjóðstreymi	Innan árs	1 - 2 ár	Meira en 2 ár
Skammtímaskuldir.....	1.211.572	1.211.572	1.211.572		
Langtímaskuldir.....	43.719.970	51.101.785	3.417.854	3.417.855	44.266.076
	44.931.542	52.313.357	4.629.426	3.417.855	44.266.076
Viðskiptakröfur.....	265.021	265.021	265.021		
Aðrar kröfur.....	359.410	359.410	359.410		
Handbært fé.....	1.729.483	1.729.483	1.729.483		
	2.353.914	2.353.914	2.353.914	0	0
Staða 31.12.2019.....	42.577.628	49.959.443	2.275.512	3.417.855	44.266.076
Árslok 2018					
Skammtímaskuldir.....	1.183.565	1.183.565	1.183.565		
Langtímaskuldir.....	40.364.632	74.743.800	3.927.007	4.028.163	66.788.630
	41.548.197	75.927.365	5.110.572	4.028.163	66.788.630
Viðskiptakröfur.....	187.853	187.853	187.853		
Aðrar kröfur.....	317.140	317.140	317.140		
Handbært fé.....	2.797.733	2.797.733	2.797.733		
	3.302.726	3.302.726	3.302.726	0	0
Staða 31.12.2018.....	38.245.471	72.624.639	1.807.846	4.028.163	66.788.630

Markaðsáhætta

Markaðsáhætta er hættan á því að breytingar á markaðsverði erlendra gjaldmiðla og vaxta hafi áhrif á afkomu félagsins eða virði fjárfestinga félagsins í fjármálageimingum.

Gjaldmiðlagengisáhætta

Félagið býr við gengisáhattu þegar munur er á eignum og skuldum í erlendra mynt. Meirihluti eigna og skulda félagsins eru tilgreind í evrum (EUR) og íslenskum krónum (ISK).

Áhætta félagsins vegna erlendra gjaldmiðla var sem hér segir:

Árið 2019	Eignir	Skuldir	Gengisáhætta
USD	95.397	40.249	55.148
DKK	3.832	579.629	(575.797)
ISK	907.906	466.641	441.265
GBP	138.775	22.209	116.566
Gengisáhætta	1.145.910	1.108.728	37.182

Skýringar, frh.:

17. Áhættustýring, frh.:

Ár 2018	Eignir	Skuldir	Gengisáhætta
JPY	74.300	0	74.300
DKK	6.405	73.882 (67.477)
ISK	567.905	44.234.436 (43.666.531)
GBP	85.044	52.707	32.337
Gengisáhætta	733.654	44.361.025 (43.627.371)

Gengi helstu gjaldmiðla á árinu var sem hér segir:

	Meðalgengi		Árslokagengi	
	2019	2018	2019	2018
USD	1,12	1,18	1,12	1,18
ISK	137,3	127,7	137,7	128,1
GBP	0,88	0,88	0,88	0,89
DKK	7,47	7,45	7,47	7,45

Markaðsáhætta

Næmnigreining

Eftirfarandi tafla sýnir áhrif 5% og 10% styrking viðkomandi gjaldmiðla gegn evrum mundi hafa á afkomu félagsins. Eignir og skuldir í næmnigreiningunni eru aðallega lán í öðrum gjaldmiðlum og bankainnstæður í öðrum gjaldmiðlum. Greiningin byggir á að allar aðrar breytur en gengi viðkomandi erlends gjaldmiðils haldist óbreyttar. Jákvæð tala hér að neðan gefur til kynna aukningu í hagnaði og öðru eigin fé. Lækkun gengis á viðkomandi erlendum gjaldmiðli á móti evrunni myndi hafa öfug áhrif á afkomu.

	31.12.2019		31.12.2018	
	5%	10%	5%	10%
USD.....	2.206	4.412	2.972	5.944
ISK.....	17.651	35.301 (1.746.661) (3.493.322)
DKK..... (23.032) (46.064) (2.699) (5.398)
GBP.....	4.663	9.325	1.294	2.587

Vaxtaáhætta

Félagið býr við vaxtaáættu sem stafa af lántökum félagsins með breytilegra vexti. Eins og áður hefur komið fram þá hefur félagið það að markmiði að tryggja nægilegt fjármagn til að geta mætt skuldbindingum sínum á gjalddaga.

Vaxtaáhætta er áhættan af því að gangvirði eða framtíðarsjóðsflæði fjármálagerninga muni sveiflast vegna breytinga á markaðsvöxtum. Lántökur félagsins eru ýmist með föstum eða breytilegum vöxtum.

Skýringar, frh.:

17. Áhættustýring, frh.:

Vaxtaáhætta

Vaxtaberandi fjáreignir og skuldir greinast þannig:

	2019	2018
Fjármálagerningar með breytilegum vöxtum		
Fjáreignir.....	1.729.483	2.797.733
Fjárskuldir.....	0	(40.364.632)
	<u>1.729.483</u>	<u>(37.566.899)</u>

Gangvirðis næmigreining fyrir fjármálagerninga með föstum vöxtum

Fjármálagerningar með föstum vöxtum eru ekki metnir á gangvirði. Því hafa breytingar á vaxtagengi ekki áhrif á afkomu.

Sjóðstreymis næmigreining fyrir fjármálagerninga með breytilegum vöxtum

Breyting á vöxtum á uppgjörsdegi um 100 punkta hefði hækkað (lækkað) afkomu eftir skatt um eftirfarandi upphæðir. Greining þessi byggir á því að aðrar breytur, sérstaklega gjaldmiðlagengi haldist óbreytt. Greiningin var unnin með sama hætti og árið 2018.

	Áhrif á afkomu	
	100 p hækkun	100 p lækkun
2019		
Fjáreignir.....	13.836	(13.836)
Fjárskuldir.....	0	0
	<u>13.836</u>	<u>(13.836)</u>
2018		
Fjáreignir.....	22.382	(22.382)
Fjárskuldir.....	(322.917)	322.917
	<u>(300.535)</u>	<u>300.535</u>

Gangvirði

Gangvirði samanborið við bókfært verð

Bókfært verð fjáreigna og annarra skulda en vaxtaberandi skulda er jafnt gangvirði þeirra. Eftirfarandi tafla sýnir samanburð á gangvirði vaxtaberandi skulda og bókfært verð eins og það er tilgreint í ársreikningi:

	2019		2018	
	Bókfært verð	Gangvirði	Bókfært verð	Gangvirði
Vaxtaberandi skuldir.....	42.533.333	47.858.596	40.364.632	46.495.192
	<u>42.533.333</u>	<u>47.858.596</u>	<u>40.364.632</u>	<u>46.495.192</u>

Vextir notaðir við mat á gangvirði

Eina vaxtaberandi skuld félagsins sem er með gjalddaga eftir ár eða meira er lán Endurlána Ríkissjóðs í EUR. Gangvirði lánsins er metið með að núvirða greiðslufærði þess með millibankavöxtum í EUR að viðbættu vaxtaálagi íslenska ríkisins.

18. Tengdir aðilar

Hluthafar, stjórnarmenn, framkvæmdastjóri og nánir fjölskyldumeðlimir teljast til tengdra aðila. Engir tengdir aðilar keyptu þjónustu af félaginu 2019 og 2018 og félagið greiddi ekki fyrir vörur eða þjónustu frá tengdum aðilum 2019 og 2018.

Félagið gerði opinberan þjónustusamning við Fjarskiptasjóð, sem tilheyrir einum hluthafa. Frekari upplýsingar um hinn opinbera þjónustusamning er að finna í skýringu 5.

Skýringar, frh.:

19. Fjárstýring

Það er stefna stjórnar félagsins að viðhalda sterkri eiginfjárstöð félagsins til að viðhalda stöðugleika í starfsemi félagsins.

Stjórn félagsins leitast við að viðhalda jafnvægi milli aukinnar arðsemi sem gæti verið möguleg með meiri skuldsetningu og því hagræði og öryggi sem fylgir sterkri eiginfjárstöðu. Eiginfjárlutfall var 31% í árslok 2019 (2018: 39%).

Engar breytingar urðu á stefnu um eiginfjárstýringu félagsins á árinu og félaginu ber ekki að fylgja ytri reglum um lágmarks eigið fé, að undanskildum þeim skilyrðum sem fram koma í lánasamningum félagsins.

20. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Reikningsskilaaðferðum sem lýst er hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti fyrir öll tímabil sem kunna að koma fram í ársreikningnum.

A. Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð í starfrækslugjaldmiðli félagsins á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar í starfrækslugjaldmiðli miðað við gengi viðskiptadags. Gengismunur vegna peningalegra eigna er munur á afskrifuðu kostnaðarverði í starfrækslugjaldmiðli í upphafi reikningsárs, að teknu tilliti til virkra vaxta á tímabilinu og afskrifað kostnaðarverð í erlendum gjaldmiðli miðað við árslokagengi. Gjaldmiðlagengismunur er færður í rekstrarreikning. Efnislegar eignir og skuldir metnar á kostnaðarverði eru færðar á upphaflegu skráðu gengi.

B. Tekjur af samningum við viðskiptavini

Félagið hefur beitt IFRS 15 frá 1. janúar 2018. Upplýsingar um reikningsskilaaðferðir félagsins í tengslum við samninga við viðskiptavini er að finna í skýringum 4 og 5.

C. Hlunnindi starfsmanna

Framlög í iðgjaldatengda lífeyrissjóði

Félagið greiðir framlag í lífeyrissjóði og eru framlög gjaldfærð í rekstrarreikning meðal launa og launagengdra gjalda eftir því sem þau falla til. Fyrirframgreidd framlög eru eignfærð að því marki sem endurgreiðsla eða lækkun á framtíðariðgjöldum á sér stað.

Skýringar, frh.:

D. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur eru færðar í rekstrarreikning þegar þær falla til miðað við virka vexti.

Fjármagnsgjöld samanstanda af vaxtakostnaði af lántökum og verðtryggingu. Lánkostnaður sem hefur ekki fallið til við að eignast eða mynda viðkomandi eign er færður í rekstrarreikning með aðferð virkra vaxta.

Gengismunur er færður nettó sem fjármunatekjur eða fjármagnsgjöld eftir áhrifum gengisbreytinga.

E. Tekjuskattur

Gjaldfærður tekjuskattur samanstendur af tekjuskatti til greiðslu og frestuðum tekjuskatti. Tekjuskattur er færður í rekstrarreikning að undanskildum tekjuskatti af rekstrarfjármunum, sem er þá færður í efnahagsreikning eða annari heildaraflögu með þeim rekstrarfjármunum.

Virkur tekjuskattur er tekjuskattur sem áætlað er að greiða eða fá greiddan næsta reikningsár með tilliti til skattskyldrar afkomu ársins og byggir á skattprósentu á uppgjörssdegi, auk leiðréttinga á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri ára, ef við á.

Frestaður tekjuskattur er færður vegna tímabundinna mismuna á bókfærðu verði eigna og skulda í ársreikningnum annars vegar og skattverði þeirra hins vegar. Fjárhæð frestaðs tekjuskatts er byggð á áætlaðri innlausn eða uppgjöri bókfærðs verðs eigna og skulda með því að beita gildandi skatthlutfalli á uppgjörssdegi. Tekjuskattseignum og tekjuskattsskuldbindingum er jafnað saman þegar lagalegur réttur er til þess og þau varða tekjuskatt sem lagður er á af sömu yfirvöldum.

Skatteign er færð vegna ónýtt skattalegs taps og annarra tímabundinna mismuna, að því marki sem líklegt þykir að hægt verði að nýta það á móti framtíðarhagnaði. Tekjuskattseign er yfirfarin hvern uppgjörssdag og lækkuð að því marki sem tallí er að hún nýtist ekki.

F. Rekstrarfjármunir

(i) Færsla og mat

Rekstrarfjármunir eru metnir á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun.

Kostnaðarverðið innifelur beinan kostnað sem fellur til við kaupin. Eignfærður kostnaður vegna eigin framkvæmda innifelur efniskostnað og kostnað við beina vinnu, og allan annan beinan kostnað við að koma rekstrarfjármunum í tekjuafandi ástand auk eignfærðs lántökukostnaðar. Keyptur hugbúnaður sem er nauðsynlegur fyrir notkun viðkomandi búnaðar er eignfærður sem hluti af viðkomandi rekstrarfjármun.

Þegar rekstrarfjármunir eru samsettir úr einingum með mislangan nýtingartíma eru einingarnar aðgreindar og afskrifaðar miðað við nýtingartímann.

Hagnaður af sölu rekstrarfjármuna, sem er mismunur á söluandvirði þeirra og bókfærðu verði, er færður í rekstrarreikning meðal annarra tekna, en tap af sölu meðal annars rekstrarkostnaðar.

Skýringar, frh.:

F. Rekstrarfjármunir, frh.:

(ii) Kostnaður sem fellur til síðar

Kostnaður við að endurnýja einstaka hluta rekstrarfjármuna er eignfærður þegar líklegt er talið að ávinningur sem felst í eigninni muni renna til félagsins og hægt er að meta kostnaðinn á áreiðanlegan hátt. Bókfært verð hlutarins sem er endurnýjaður er gjaldfærður. Allur annar kostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar til hans er stofnað.

(iii) Afskriftir

Afskriftir eru reiknaðar af afskrifanlegri fjárhæð, sem er kostnaðarverð eða endurmetið kostnaðarverð að frádrögnum niðurlagsverði. Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan nýtingartýma einstakra hluta rekstrarfjármuna. Leigðar eignir eru afskrifaðar á þeim tíma sem er styttri, leigutími eða nýtingartýma, nema að ljóst sé að félagið muni eignast leigumun í lok leigutíma. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Tengibúnaður.....	10 ár
Tengistöðvar.....	20 ár
Sæstrengir og búnaður undir sjávarmáli.....	20 ár
Aðrar eignir.....	5 - 10 ár

Afskriftaaðferðir, nýtingartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörstími og breytt ef við á.

G. Fjármálagerningar

(i) Færsla og upphafleg skráning

Viðskiptakröfur og útgefin skuldabréf eru upphaflega skráð við stofnun þeirra. Allar aðrar fjáreignir og fjárskuldir eru upphaflega færðar þegar félagið verður samningsaðili að fjármálagerningnum.

Fjáreign (nema um sé að ræða viðskiptakröfu án verulegs fjármögnunarpáttar) eða fjárskuld eru upphaflega færðar á gangvirði að viðbættum öllum tengdum viðskiptakostnaði. Viðskiptakrafa án verulegs fjármögnunarpáttar er upphaflega færð á viðskiptaverði.

(ii) Flokkun og eftirfarandi mat

Fjáreignir

Við upphaflega skráningu er fjáreign flokkuð á afskrifuðu kostnaðarverði, gangvirði gegnum aðra heildarafkomu sem skuldabréf eða eiginfjárgerningar eða á gangvirði gegnum rekstur.

Fjáreignir eru ekki endurflokkaðar miðað við upphaflega skráningu þeirra nema félagið breyti viðskiptalíkani sínu um fjárstýringu, en ef það er tilfellið þá eru allar fjáreignir endurflokkaðar á fyrsta degi þess uppgjörstímabils sem á eftir kemur.

Fjáreign er færð á afskrifuðu kostnaðarverði ef eftirfarandi skilyrði eru hvorutveggja uppfyllt og ef fjáreign hefur ekki verið skráð á gangvirði gegnum rekstur:

– tilheyrir viðskiptalíkani með það að markmiði að innheimta bæði samningsbundið sjóðstreymi og að selja fjáreignir; og

– samningsskilmálar fjáreignar fela í sér sjóðstreymi á tilteknum tímamörum og sjóðstreymið felur eingöngu í sér afborganir höfuðstóls og vaxta af eftirstöðvum höfuðstóls.

Allar fjáreignir félagsins eru færðar á afskrifuðu kostnaðarverði.

Skýringar, frh.:

G. Fjármálagerningar frh.:

Fjáreignir færðar á afskrifuðu kostnaðarverði

Eftir upphaflega skráningu eru fjáreignir færðar á afskrifuðu kostnaðarverði með aðferð virkra vaxta. Frá afskrifuðu kostnaðarverði dregst virðisrýrnun. Vaxtatekjur, gengismunur og virðisrýrnun eru færð í rekstrarreikning. Hagnaður eða tap af afskráningu er fært í rekstrarreikning.

Fjárskuldir

Fjárskuldir eru flokkaðar á afskrifuðu kostnaðarverði með aðferð virkra vaxta. Vaxtagjöld og gengismunur eru færð í rekstrarreikning. Hagnaður eða tap af afskráningu er fært í rekstrarreikning.

(iii) Afskráning

Fjáreignir

Félagið afskráir fjáreignir þegar samningsbundinn réttur til sjóðstreymis af fjáreigninni er ekki lengur til staðar eða þegar áhættan eða ávinningurinn af fjáreigninni flyst yfir á annan aðila.

Félagið á viðskipti með eignir sem færðar eru í efnahagsreikning en ber ennþá áhættu eða ávinning af þeim. Í þeim tilfellum eru eignirnar ekki afskráðar.

Fjárskuldir

Félagið afskráir fjárskuldir þegar skuldbinding vegna þeirra er ekki lengur til staðar. Félagið afskráir fjárskuldir þegar skilmálum og sjóðstreymi fjárskulda er breytt verulega, en í þeim tilfellum er ný fjárskuld með hinum breyttu skilmálum færð á gangvirði.

Við afskráningu fjárskuldar er mismunur á bókfærðu verði og afborgunum (þ.m.t. viðskipti með efnislegar eignir) færður í rekstrarreikning.

iv. Jöfnun fjáreigna og fjárskulda

Fjáreignum og fjárskuldum er jafnað saman og útistandandi upphæð færð í efnahagsreikning en aðeins þegar lagalegur réttur er til þess og þegar félagið mun greiða fjárskuld eða þegar fjáreign er innleyst og fjárskuld greidd á sama tíma.

v. Handbært fé

Til handbærs fjárs teljast sjóður og óbundnar bankainnistæður sem munu sennilega halda gangvirði sínu og eru notaðar í skammtímaskuldbindingar félagsins.

H. Hlutfé

(ii) Almenn hlutfé

Almenn hlutabréf eru flokkuð sem eigið fé. Beinn kostnaður vegna útgáfu hlutafjár er færður til lækkunar á eigin fé, að frádregnum skattáhrifum.

Skýringar, frh.:

I. Virðisrýrnun

(i) Fjáreignir

Félagið færir virðisrýrnun miðað við útlánatap á fjáreignum sem færðar eru á afskrifuðu kostnaðarverði. Virðisrýrnun viðskiptakrafna og samningseigna er alltaf færð sem vænt útlánatap á líftíma fjáreignar.

Við mat á því hvort lánsáhætta fjáreignar hefur aukist verulega frá því hún var upphaflega skráð og þegar lagt er mat á vænt útlánatap eru öll tiltæk gögn og upplýsingar teknar til skoðunar, bæði eigindlegar og meginlegar upplýsingar og greining sem byggir á reynslu félagsins, upplýstu lánsmati og framtíðarspám. Það er mat félagsins að lánsáhætta fjáreignar hafi aukist verulega ef fjáreignin er komin 90 daga eða meira fram yfir gjalddaga. Lánsáhætta fjáreigna félagsins er mjög lág, en félagið hefur aldrei þurft að færa mikla virðisrýrnun fjáreigna.

(i) Fjáreignir

Við mat á væntu útlánatapi er miðað við lengd samningstímans sem félagið býr við lánsáhættu.

Vænt útlánatap er líkindamat á útlánatapi. Útlánatap er metið sem núvirði allra vanskila (þ.e. mismunur milli greiðslna sem félagið á rétt á samkvæmt samningi og greiðslna sem félagið væntir að fá). Vænt útlánatap er núvirt með virkum vöxtum fjáreignarinnar.

(ii) Ófjárhagslegar eignir

Á reikningsskiladegi er bókfært verð óefnislegra eigna yfirfarið í þeim tilgangi að kanna hvort vísbending sé um virðisrýrnun. Sé slík vísbending til staðar er endurheimtanlegt virði eignarinnar metið. Rekstrarfjármunir eru metnir árlega með virðisrýrnunarprófi.

J. Leigusamningar

(i) Ákvörðun um hvort samningur feli í sér leigu

Félagið tók IFRS 16 upp með því að beita aðferð uppsafnaðra áhrifa og því hefur samanburðarfjárhæðum vegna ársins 2018 ekki verið breytt og þær áfram settar fram eins og þær voru birtar áður samkvæmt IAS 17 og IFRIC 4. Nánar er fjallað um reikningsskilaaðferðir samkvæmt IAS 17 og IFRIC 4 annars staðar í skýringum.

Reikningsskilaaðferðir frá 1. janúar 2019

Við upphaf samnings leggur félagið mat á það hvort samningur eða hluti hans feli í sér leigusamning. Samningur er leigusamningur að hluta eða heild ef hann felur í sér rétt til yfirráða tiltekinnar eignar á tilteknu tímabili í skiptum fyrir endurgjald. Við mat á því hvort leigusamningur felur í sér yfirráð tiltekinnar eignar notar félagið skilgreiningu leigusamnings í IFRS 16. Þessi aðferð er notuð á samninga sem gerðir voru 2019.

(ii) Félagið sem leigutaki

Við upphaf eða breytingu á samningi sem felur í sér leiguhluta úthlutar félagið endurgjaldinu á sérhvern leiguhluta á grundvelli sjálfstæðs verðs hvers hlutar fyrir sig.

Félagið færir leigueign og leiguskuld við upphaf leigusamnings. Leigueignin er upphaflega færð á kostnaðarverði, sem er upphafleg fjárhæð leiguskuldarinnar að teknu tilliti til leigugreiðslna sem hafa fallið til fyrir eða á upphafsdegi samningsins, beins kostnaðar við öflun leigueignarinnar og áætlaðs kostnaðar við að taka niður og fjarlægja eignina, eða til þess að færa eignina eða umhverfi hennar í samt horf að loknum leigusamningi, og að frádregnum leiguflvilmunum sem samstæðan hefur fengið.

Skýringar, frh.:

Leigugeignin er afskrifuð línulega frá upphafi til loka leigusamningsins, nema þegar eignarhald flyst yfir til samstæðunnar í lok leigutímabilsins eða ef kostnaðarverð leigugeignarinnar endurspeglar að samstæðan muni nýta sér kauprétt í lok leigutímabilsins. Í þeim tilfellum er leigugeignin afskrifuð á nýtingartíma eignarinnar, sem er ávarðaður með sömu aðferð og notuð er fyrir aðra fastafjármuni samstæðunnar. Jafnframt er virði leigugeignar lækkað reglubundið um sem nemur virðisrýmun hennar, ef einhver er, og leiðrétt vegna endurmats leiguskuldarinnar.

Leiguskuld er upphaflega færð við núvirði ógreiddra leigugreiðslna á upphafsdegi leigusamningsins. Greiðslurnar eru núvirtar með því að nota innbyggða vexti leigusamningsins, séu þeir tilækir, en annars notar samstæðan þá vexti sem hún fær af nýju lánsfé. Að jafnaði notar samstæðan vexti á nýju lánsfé til núvirðingar.

Samstæðan ákvarðar vexti af nýju lánsfé með því að sækja vaxtaupplýsingar vegna ólíkra fjármögnunarleiða og gerir tiltekna aðlaganir til að endurspegla skilmála leigusamningsins og eiginleika eignarinnar sem er leigð.

Leigugreiðslur sem eru innfaldar í ákvörðun fjárhæðar leiguskuldar fela í sér eftirfarandi:

- Fastar greiðslur, þar með taldar leigugreiðslur sem eru samkvæmt eðli sínu fastar;
- Breytilegar leigugreiðslur tengdar vöxtum eða vísitölu, upphaflega áætlaðar miðað við vexti eða vísitölu á upphafsdegi;
- Fjárhæðir sem gert er ráð fyrir að þurfi að greiða samkvæmt hrakvirðistryggingu; og
- Kaupverð samkvæmt kaupréttarákvæði í leigusamningi þegar samstæðan telur nokkuð víst að hún muni nýta kaupréttinn, leigugreiðslur á valkvæðum framlengingartímabilum ef samstæðan er nokkuð viss um að hún muni nýta framlengingarheimildir og greiðslur vegna uppsagnar leigusamnings fyrir lok leigutímans, nema samstæðan sé nokkuð viss um að nýta ekki uppsagnarheimildir.

Leiguskuldin er færð á afskrifuðu kostnaðarverði með því að nota aðferð virkra vaxta. Hún er endurmetin þegar breyting verður á framtíðarleigugreiðslum vegna breytinga á vísitölu eða vöxtum, ef breyting verður á mati samstæðunnar á fjárhæð sem hún væntir að verði greidd samkvæmt hrakvirðistryggingu, ef samstæðan breytir mati sínu á því hvort hún muni nýta kaupréttarákvæði, heimildir til framlengingar eða uppsagnar leigusamnings eða þegar breyting verður á fjárhæð leigugreiðslu sem er í eðli sínu föst.

Þegar leiguskuldin er endurmetin með þessum hætti er samsvarandi leiðrétting gerð á bókfærðu verði leigugeignarinnar, eða leiðrétting færð í rekstrarreikning samstæðunnar ef bókfært virði leigugeignarinnar hefur verið fært niður í núll.

Leigugeignir sem ekki uppfylla skilgreiningu á fjárfestingarfasteign eru færðar meðal rekstrarfjármuna í efnahagsreikningi en leiguskuldir meðal vaxtaberandi lána.

Skammtímaleigusamningar og leigusamningar um óverulegar eignir

Samstæðan kys að færa ekki leigugeignir og leiguskuldir vegna leigusamninga um óverulegar eignir og skammtímaleigusamninga, þar á meðal er húsaleigusamningur. Samstæðan gjaldfærir leigugreiðslur vegna þessara leigusamninga línulega á leigutíma.

Skýringar, frh.:

K. Mat á gangvirði

Gangvirði er það verð sem fengist fyrir sölu eignar eða yrði greitt fyrir yfirfærslu skuldar í eðlilegum viðskiptum milli aðila á markaði á matsdegi. Gangvirði skuldar endurspeglar áhættu á vanefndum hennar.

L. Starfsþáttayfirlit

Rekstrarstarfsþáttur er hluti félagsins sem fæst við viðskipti og er fær um að afla tekna og stofna til gjalda, að meðtöldum tekjum og gjöldum vegna viðskipta við aðra hluta félagsins. Afkoma allra starfsþátta samstæðunnar er reglulega yfirfarin af stjórn félagsins til að ákvarða hvernig eignum félagsins er skipt á starfsþætti og til að meta frammistöðu þeirra. Stjórn félagsins telur félagið búa yfir einum starfsþætti.

21. Nýir reikningsskilastaðlar sem hafa ekki verið innleiddir

Nokkrir nýir alþjóðlegir reikningsskilastaðlar gilda um fjárhagsár sem hefjast 1. janúar 2019 eða síðar og er heimilt er að beita fyrir gildistöku þeirra. Samstæðan hefur hins vegar ekki innleitt nýja eða breytta reikningsskilastaðla fyrir gildistíma við gerð þessara reikningsskila.

Ekki er búist við að eftirfarandi breytingar á stöðlum og túlkunum muni hafa veruleg áhrif á reikningsskil samstæðunnar.

- Breytingar á tilvísunum til hugtakaramma alþjóðlegra reikningsskilastaðla.
- Skilgreiningu á fyrirtæki (breyting á IFRS 3).
- Skilgreiningu á mikilvægi (breytingar á IAS 1 og IAS 8).
- IFRS 17 Vátryggingasamningar.

Ófjárhagsleg upplýsingagjöf

Samfélagið

Farice gegnir mikilvægu hlutverki í íslensku samfélagi sem eina íslenska fyrirtækið er selur fjarskipta- og gagnþjónustu milli Íslands og útlanda. Metnaður okkar liggur í því að halda áfram að veita framúrskarandi þjónustu í þágu almennings og Íslensks efnahagslífs. Við höfum veitt 100% upptíma á vörðum gagna- og fjarskiptaleiðum á árinu 2019 eins og undanfarin ár. Upp tímar á einstökum og óvörðum gagnaleiðum, að teknu tilliti til bilana og viðhalds, var 99.39% til 100%. Ein helsta áhættan tengd gagnatenginum eru skemmdir á sæstrengjum og því hefur verið samið við viðgerðarskip um að vera til taks ef á þarf að halda.

Umhverfismál

Farice hefur ekki sett sér formlega umhverfisstefnu, en ber þó virðingu fyrir umhverfinu. Farice styður umhverfisvernd og aðgerðir sem stuðla að umhverfisábyrgð. Við erum staðráðin í að halda kolefnisfótspori okkar í lágmarki með því að nota endurnýjanlega orku og aðra möguleika sem völ er á. Sem dæmi má nefna að við lagningu sæstrengjanna Farice-1 og Danice voru framkvæmdar umfangsmiklar botnrannsóknir með það að markmiði að lágmarka möguleg áhrif á umhverfið og fiskimið. Það hefur sýnt sig í seinni tíð að mjög faglega var að verki staðið við framkvæmdina.

Á þessu ári er stefnt að því að hefja umfangsmiklar botnrannsóknir í tengslum við þriðja sæstrenginn og munu þær byggja á sömu forsendum og áður. Við gerum jafnframt ráð fyrir því að þriðji sæstrengurinn verði grafinn í hafsbottinn með því að nota tækni sem veldur sem minnstu raski fyrir umhverfið.

Mannauður

Starfsmenn Farice eru fáiir og að teknu tilliti til mikilvægi félagsins í íslensku samfélagi er mjög mikilvægt að hafa á að skipa hæfum starfsmönnum. Þess vegna bjóðum við öruggt og heilsusamlegt vinnuumhverfi og hvetjum starfsmenn til framþróunar í starfi með teymisvinnu og námskeiðum. Við leggjum áherslu á jöfn tækifæri og jafnréttismál. Félagið stuðlar að opnum samskiptum og leggur áherslu á jafnvægi starfs og fjölskyldulífs. Við leitumst við að bæta kynjahlutfall vinnustaðarins og annað sem líklegt er talið að laði hæft starfsfólk að fyrirtækinu.

Mannréttindi, spilling og mútur

Eins og áður kom fram eru starfsmenn Farice fáiir. Félagið hefur ekki sett starfsmönnum formlegar siðareglur varðandi mannréttindi, spillingu og mútur. Hins vegar er réttur til lífs, frelsi, jafnræði, sanngjörn réttarhöld, frelsi frá þrældómi og pyntingum, skoðanafrelsi og tjáningarfrelsi hluti af gildum Farice.

Brot á mannréttindum og áreiti er ekki liðið. Við leggjum áherslu á jöfn tækifæri og bann við mismunun og höfum haft það að leiðarljósi frá upphafi.

Stefna Farice er að eiga í viðskiptum með heiðarleika og gott siðferði að leiðarljósi. Við skuldbindum okkur til að hlíta reglum um spillingar og mútumál og förum jafnframt eftir alþjóðlegum viðmiðum í þeim efnum.